

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/238

2026/EES/10/41

frá 15. janúar 2024

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að innleiða takmarkanir á notkun tiltekinna bragðefna (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 <sup>(3)</sup> var samþykkt skrá yfir bragðefni og færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, inniheldur m.a. nokkur bragðefni þar sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var ekki fær um, þegar skráin var samþykkt með reglugerð (ESB) nr. 872/2012, að útiloka öryggisáhattu fyrir heilbrigði neytenda á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og taldi því að viðbótargagna væri þörf til að ljúka mati á þeim. Þessum efnum var bætt á skrá Sambandsins yfir bragðefni en með því skilyrði að öryggisgögn, þar sem fjallað væri um áhyggjuefni sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi, yrðu lögð fram áður en sértæku frestinir, sem komið var á í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, rynnu út.
- 5) Meðal efna sem eru á skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni en eru auðkennd með vísun í neðanmálgrein þar sem þess er krafist að Matvælaöryggisstofnunin ljúki við matið eru eftirfarandi þrjú efni í mati á hópi bragðefna 216 (FGE.216): 2-fenýlkrótónaldehyd (FL nr. 05.062), 5-metýl-2-fenýlhex-2-enal (FL nr. 05.099) og 4-metýl-2-fenýlpent-2-enal (FL nr. 05.100). Matvælaöryggisstofnunin fór fram á að frekari vísindagögn yrðu lögð fram fyrir þessi efni, sem umsækjendurnir lögðu fram síðar.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L, 2024/238, 16.1.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stj. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stj. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

- 6) Í vísindalegu álitinu frá 29. júní 2022 <sup>(4)</sup> lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á framlögð gögn og komst að þeirri niðurstöðu að dæmigerða efnið fyrir hópinn, 2-fenýlkrótónaldehyð (FL nr. 05.062), framkallaði mislitnunarverkun. Þar eð fyrirbyggjandi smákjarnarannsóknir í lífi voru ófullnægjandi er ekki unnt að útiloka mögulega mislitnun í lífi fyrir 2-fenýlkrótónaldehyð (FL nr. 05.062), 5-metýl-2-fenýlhex-2-enal (FL nr. 05.099) og 4-metýl-2-fenýlpent-2-enal (FL nr. 05.100).
- 7) Eftir þetta álit og í því skyni að meta enn frekar öryggi þessara þriggja efna skuldbundu rekstraraðilar, sem hafa hagsmuna að gæta, sig til að leggja fram frekari gögn sem myndu gera það kleift að gera ítarlegt mat á mislitnun í lífi fyrir þessi þrjú efni <sup>(5)</sup>.
- 8) Meðan beðið er eftir að Matvælaöryggisstofnunin endurmeti viðbótargögnin frá rekstraraðilum sem hafa hagsmuna að gæta og til að fylgja eftir vísindalega álitinu frá 29. júní 2022 þykir einnig rétt að takmarka skilyrðin fyrir notkun 2-fenýlkrótónaldehyðs (FL nr. 05.062), 5-metýl-2-fenýlhex-2-enals (FL nr. 05.099) og 4-metýl-2-fenýlpent-2-enals (FL nr. 05.100) við núverandi notkun.
- 9) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 10) Það ætti að vera heimilt að setja matvæli sem uppfylla ekki nýju skilyrðin, sem einhverju af efnunum sem um er að ræða hefur verið bætt í og sem hafa verið sett á markað í Sambandinu eða sem hafa verið send frá þriðju löndum og voru í umflutningi til Sambandsins áður en þessi reglugerð tók gildi, á markað í Sambandinu til síðasta dags lágmarks-geymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags. Þessi umbreytingarráðstöfun ætti ekki að gilda um blöndur sem einhverju af efnunum, sem um er að ræða, hefur verið bætt í og sem eru ekki ætlaðar til neyslu sem slíkar þar eð framleiðendur matvæla, sem nota þessar efnablöndur sem innihaldsefni, þekkja samsetningu þeirra þegar þeir nota þær.
- 11) Af ástæðum sem varða samræmingu við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 <sup>(6)</sup> og til að taka tillit til takmarkana sem svara til matvælaflökkanna sem Matvælaöryggisstofnunin notaði við váhrifamatið ætti að skipta matvælaflökkunum sem eru skráðir í 1. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 út fyrir matvælaflökkana sem eru skráðir í D-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 12) Bæta ætti við nýrri neðanmálgrein í 8. dalk í skrá Sambandsins, undir 1. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, til að tilgreina þörf fyrir viðbótargögn ef viðbótargagna er vænst til að ljúka að fullu við mat Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

### **Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1334/2008**

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

<sup>(4)</sup> „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 216 Revision 2 (FGE.216Rev2): consideration of the genotoxicity potential of  $\alpha,\beta$ -unsaturated 2-phenyl-2-alkenals from subgroup 3.3 of FGE.19“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(8), 7420, doi:10.2903/j.efsa.2022.7420. Aðgengilegt á Netinu: <https://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/7420>

<sup>(5)</sup> Bréf frá IOFI/EFSA til DG Sante – „EFSA Opinion 216 Rev2 (*EFSA Journal* (2022; 20(8) 7420)) – follow-up IOFI/EFSA letter: confirmation of follow-up testing and anticipated timings“: Ares(2022)8489668

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

2. gr.

### Umbreytingarráðstafanir

1. Matvæli, sem einhverju þeirra bragðefna sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð hefur verið bætt í, sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í þeim viðauka og hafa verið sett á markað á lögmætan hátt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.
2. Matvæli, sem einhverju þeirra bragðefna sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð hefur verið bætt í og sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í þeim viðauka og hafa verið flutt inn í Sambandið frá þriðja landi, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags ef innflytjandi slíkra matvæla getur sýnt fram á að þau voru send frá viðkomandi þriðja landi og hafi verið í gegnumflutningi til Sambandsins fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.
3. Umbreytingarráðstafanirnar sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um blöndur, sem eru ekki ætlaðar til neyslu sem slíkar, sem einhverju af þeim bragðefnum sem eru skráð í viðaukann við þessa reglugerð hefur verið bætt í.
4. Að því er varðar þessa reglugerð skal líta svo á að blöndur séu blöndur af einu eða fleiri bragðefnum sem einnig má bæta í öðrum innihaldsefnum matvæla, s.s. matvælaaukefnum, ensímum eða burðarefnum, til að auðvelda geymslu þeirra, sölu, stöðlun, þynningu eða uppleysingu.

3. gr.

### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað töflunnar sem inniheldur skrána yfir matvælaflokka kemur eftirfarandi:

„Númer flokks	Matvælaflokkur
<b>0.</b>	<b>Allir matvælaflokkar</b>
<b>01.</b>	<b>Mjólkurvörur og hliðstæður þeirra</b>
01.1	Óbragðbætt, gerilsneydd og dauðhreinsuð mjólk (þ.m.t. leifturhituð mjólk)
01.2	Óbragðbættar, gerjaðar mjólkurafurðir, þ.m.t. náttúrulegar óbragðbættar áfir (að undanskildum dauðhreinsuðum áfum) sem ekki eru hitameðhöndlaðar eftir gerjun
01.3	Óbragðbættar gerjaðar mjólkurafurðir sem eru hitameðhöndlaðar eftir gerjun
01.4	Bragðbættar, gerjaðar mjólkurvörur, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur
01.5	Þurrmjólk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/114/EB
01.6	Rjómi og rjómaduft
01.6.1.	Óbragðbættur gerilsneyddur rjómi (að undanskildum fituskertum rjóma)
01.6.2.	Óbragðbættar rjómaafurðir með lifandi gerlum og staðgönguefni sem innihalda minna en 20% fitu
01.6.3.	Aðrar tegundir rjóma
01.7	Ostur og ostaafurðir
01.7.1.	Óþroskaður ostur að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16
01.7.2.	Þroskaður ostur
01.7.3.	Ætar ostaskorpur
01.7.4.	Mysuostur
01.7.5.	Bræddur ostur
01.7.6.	Ostaafurðir (að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16)
01.8	Mjólkurvöruhliðstæður, þ.m.t. þurrmjólkurlíki
01.9	Æt kaseinöt
02.	Fita og olíur og ýrðar fitu- og olíulausnir
02.1	Fita og olíur sem eru að mestu leyti vatnsfríar (að undanskildri vatnsfríri mjólkurfitu)
02.2	Ýrðar fitu- og olíulausnir, aðallega af gerðinni „vatn í olíu“
02.2.1.	Smjör og smjörþykki og smjörolía og vatnsfrí mjólkurfita
02.2.2.	Aðrar ýrðar fitu- og olíulausnir, þ.m.t. smurálegg eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, og fljótandi ýrulausnir
02.3	Pönnuúði úr jurtaolíu
03.	Ís til neyslu
04.	Aldín og grænmeti

04.1	Óunnin aldin og grænmeti
04.1.1.	Heil fersk aldin og grænmeti
04.1.2.	Skræld, skorin og rifin aldin og grænmeti
04.1.3.	Frosin aldin og grænmeti
04.2	Unnin aldin og grænmeti
04.2.1.	Þurrkuð aldin og grænmeti
04.2.2.	Aldin og grænmeti í ediki, olíu eða saltlegi
04.2.3.	Aldin og grænmeti, niðursoðin í dósir eða krukur
04.2.4.	Aldina- og grænmetisblöndur, að undanskildum afurðum sem falla undir 5.4
04.2.4.1.	Aldina- og grænmetisblöndur, að undanskildu ávaxtamauki
04.2.4.2.	Ávaxtamauk, að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16
04.2.5.	Sultur, hlaup og marmelaði og svipaðar vörur
04.2.5.1.	Sultur í sérflokki og hlaup í sérflokki eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB
04.2.5.2.	Sultur, hlaup og marmelaði og sykrað kastaníuhnetumauk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB
04.2.5.3.	Annað sambærilegt smurálegg úr aldinum eða grænmeti
04.2.5.4.	Hnetusmjör og smurálegg úr hnetum
04.2.6.	Unnar kartöfluaufurðir
05.	Sælgæti
05.1	Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB
05.2	Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt
05.3	Tyggigúmmí
05.4	Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4
06.	Korn og kornafurðir
06.1	Grjón, heil, brotin eða í flögum
06.2	Mjöl og aðrar malaðar afurðir og sterkja
06.2.1.	Mjöl
06.2.2.	Sterkja
06.3	Morgunkorn
06.4	Pasta
06.4.1.	Ferskt pasta
06.4.2.	Þurrkað pasta
06.4.3.	Ferskt, forsoðið pasta
06.4.4.	Kartöflubollur (ít. gnocchi)
06.4.5.	Fyllingar í fylltu pasta (ravioli (ít.) og svipað)
06.5	Núðlur
06.6	Soppur

06.7	Forsoðnar eða unnar kornvörur
07.	Kaffibrauð
07.1	Brauð og smábrauð
07.1.1.	Brauð framleitt eingöngu með eftirfarandi innihaldsefnum: hveitímjöli, vatni, geri eða súrdeigi, salti
07.1.2.	Pain courant français; Friss búzakenyér, fehér és félbarna kenyerek
07.2	Fínt kaffibrauð
<b>08.</b>	<b>Kjöt</b>
08.1	Nýtt kjöt annað en unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004
08.2	Unnin kjötvara eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004
08.3	Kjötafurðir
08.3.1.	Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar
08.3.2.	Hitameðhöndlaðar kjötafurðir
08.3.3.	Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt
08.3.4.	Hefðbundnar kjötafurðir og kjötafurðir sem eru verkaðar á hefðbundinn hátt, með sérstökum ákvæðum um nítít og nítröt
08.3.4.1.	Hefðbundnar, þækilverkaðar kjötafurðir (kjötafurðirnar eru verkaðar með því að leggja þær í þækil sem inniheldur nítít og/eða nítröt, salt og aðra efnisþætti)
08.3.4.2.	Hefðbundnar þurrsaltaðar afurðir. (Við þurrsöltun er þurr saltblanda, sem inniheldur nítít og/eða nítröt, salt og aðra efnisþætti, sett á allt yfirborð kjötsins og því næst kemur jöfnunar-/þroskunartími)
08.3.4.3.	Aðrar hefðbundnar afurðir og afurðir sem eru verkaðar á hefðbundinn hátt (þ.m.t. þæklun og þurrsöltun eru notaðar saman eða nítít og/eða nítrat er sett í samsetta vöru eða þæklinum er sprautað í afurðina áður en hún er soðin)
09.	Fiskur og lagarafurðir
09.1	Óunninn fiskur og lagarafurðir
09.1.1.	Óunninn fiskur
09.1.2.	Óunnin lindýr og krabbadýr
09.2	Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr
09.3	Fiskhrogn
10.	Egg og eggjaafurðir
10.1	Óunnin egg
10.2	Unnin egg og eggjaafurðir
11.	Sykrur, síróp, hunang og borðsætufni
11.1	Sykrur og síróp eins og skilgreint er í tilskipun 2001/111/EB
11.2	Aðrar sykrur og síróp
11.3	Hunang eins og það er skilgreint í tilskipun 2001/110/EB
11.4	Borðsætufni
11.4.1.	Borðsætufni í fljótandi formi
11.4.2.	Borðsætufni í duftformi
11.4.3.	Borðsætufni í töfluformi
12.	Salt, krydd, súpur, sósur, salöt og prótínafurðir

12.1	Salt og saltlíki
12.1.1.	Salt
12.1.2.	Saltlíki
12.2	Krydd, kryddjurtir, kryddblöndur
12.2.1.	Kryddjurtir og krydd
12.2.2.	Kryddblöndur og bragðbætar
12.3	Edik og þynnt ediksýra (þynnt með vatni í 4–30% miðað við rúmmál)
12.4	Sinnep
12.5	Súpur og seyði
12.6	Sósur
12.7	Salöt og ósætt smurálegg
12.8	Ger og gerafurðir
12.9	Prótínafurðir, að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 1.8
<b>13.</b>	<b>Matvæli sem eru ætluð til sérstakra, næringarlegra nota eins og skilgreint er í tilskipun 2009/39/EB</b>
13.1	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn
13.1.1.	Ungbarnablöndur eins og skilgreint er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB <sup>(1)</sup>
13.1.2.	Stoðblöndur eins og skilgreint er í tilskipun 2006/141/EB
13.1.3.	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB <sup>(2)</sup>
13.1.4.	Önnur matvæli fyrir smábörn
13.1.5.	Sérfæða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB <sup>(3)</sup> og sérstakar blöndur fyrir ungbörn
13.1.5.1.	Sérfæða fyrir ungbörn, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og sérstakar blöndur fyrir ungbörn
13.1.5.2.	Sérfæða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB
13.2	Sérfæða sem er notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB (að undanskildum vörum í matvælafllokki 13.1.5)
13.3	Sérfæða til að stýra þyngd sem á að koma í staðinn fyrir allan matarskammt dagsins eða stakar máltíðir (í heild sinni eða hluta daglegrar fæðu)
13.4	Matvæli sem henta fólki sem er með glútenóþol, eins og skilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 <sup>(4)</sup>
<b>14.</b>	<b>Drykkjarvörur</b>
14.1	Óáfengir drykkir

14.1.1.	Vatn, þ.m.t. náttúrulegt ölkelduvatn eins og skilgreint er í tilskipun 2009/54/EB, og uppsprettuvatn og allt annað vatn sem er tappað á flöskur eða sett í umbúðir
14.1.2.	Aldinsafar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetisafar
14.1.3.	Aldinnektar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetisnektar og svipaðar vörur
14.1.4.	Bragðbættar drykkjarvörur
14.1.5.	Kaffi, te, jurta- og aldinseyði, kaffifífill; kjarni úr tei og jurta- og aldinseyði og kaffifíflum; te, jurta- og aldinseyði og unnar kornvörur sem ætlaðar eru í seyði, sem og blöndur og skyndi-blöndur þessara afurða
14.1.5.1.	Kaffi, kaffikjarni
14.1.5.2.	Annað
14.2	Áfengir drykkir, að meðtöldum óáfengum og lítið áfengum hliðstæðum drykkjum
14.2.1.	Bjór og maltdrykkir
14.2.2.	Vín og aðrar afurðir sem eru skilgreind í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013
14.2.3.	Eplásítri og perusítri
14.2.4.	Ávaxtavín og gervivín (e. <i>made wine</i> )
14.2.5.	Mjöldur
14.2.6.	Brenndir drykkir eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2019/787
14.2.7.	Kryddblandaðar vínafurðir eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 251/2014
14.2.7.1.	Kryddvín
14.2.7.2.	Drykkir, að stofni til úr kryddvíni
14.2.7.3.	Hanastél, blönduð með kryddvíni
14.2.8.	Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum, ásamt öðrum áfengum drykkjum, að stofni til úr eimuðu alkóhóli, með alkóhólstyrkleika undir 15% miðað við rúmmál
<b>15.</b>	<b>Kryddaðir smáréttir, tilbúnir til átu, og nasl</b>
15.1	Nasl sem er að stofni til úr kartöflum, korni, hveiti eða sterkju
15.2	Unnar hnetur
<b>16.</b>	<b>Eftirréttir að undanskildum afurðum sem falla í flokk 1, 3 og 4</b>
<b>17.</b>	<b>Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB</b>
17.1	Fæðubótarefni gefin í föstu formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn
17.2	Fæðubótarefni gefin í fljótandi formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn
<b>18.</b>	<b>Unnin matvæli sem ekki falla undir flokk 1 til 17, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn</b>

(1) Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16.

(3) Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29.

(4) Stjtið. ESB L 16, 21.1.2009, bls. 3.“

b) Í 8. dálki (neðanmálsgreinar) er eftirfarandi neðanmálsgrein bætt við:

„(c) frekari vísindagögn skulu lögð fram, innan tímaramma sem samið hefur verið um við þjónustudeildir framkvæmdastjórnarnnar, til að Matvælaöryggisstofnunin geti lokið við matið.“

2) Í stað færslna 05.062, 05.099 og 05.100 í töflu 1 í 2. þætti kemur eftirfarandi:

„05.062	2-fenýlkrótónaldehyð	4411-89-6	1474	670		5	EFSA
							<p>Í flokki 1.4 – hámark 0,50 mg/kg</p> <p>Í flokki 1.7 – hámark 1,40 mg/kg</p> <p>Í flokki 1.8 – hámark 1,30 mg/kg</p> <p>Í flokki 2.1, 2.2, 2.3 – hámark 1,60 mg/kg</p> <p>Í flokki 3.0 – hámark 1,15 mg/kg</p> <p>Í flokki 4.2 – hámark 0,05 mg/kg</p> <p>Í flokki 4.2.2 – hámark 0,20 mg/kg</p> <p>Í flokki 4.2.5 – hámark 0,30 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.1 – hámark 2,00 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.2 – hámark 2,00 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.3 – hámark 2,00 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.4 – hámark 1,10 mg/kg</p> <p>Í flokki 6.3 – hámark 2,00 mg/kg</p> <p>Í flokki 6.4 – hámark 0,04 mg/kg</p> <p>Í flokki 6.6 – hámark 0,30 mg/kg</p> <p>Í flokki 6.7 – hámark 0,60 mg/kg</p> <p>Í flokki 7.1 – hámark 2,00 mg/kg</p> <p>Í flokki 7.2 – hámark 2,00 mg/kg</p> <p>Í flokki 8.2, 8.3 – hámark 0,80 mg/kg</p> <p>Í flokki 9.2, 9.3 – hámark 0,50 mg/kg</p> <p>Í flokki 10.2 – hámark 0,20 mg/kg</p> <p>Í flokki 11.2 – hámark 1,5 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.2 – hámark 0,60 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.3 – hámark 1,80 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.4 – hámark 0,20 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.5 – hámark 0,40 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.6 – hámark 1,90 mg/kg</p>

<p>05.099</p>	<p>5-metyl-2-fenylhex-2-enal</p>	<p>21834-92-4</p>	<p>1472</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>1472</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>10365</p>	<p>EFSA</p>

05.100	4-metýl-2-fenýlpent-2-enal	26643-91-4	1473	10366	<p>í flokki 9.2, 9.3 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 10.2 – hámark 0,50 mg/kg</p> <p>í flokki 11.1 – hámark 2,40 mg/kg</p> <p>í flokki 11.2 – hámark 5 mg/kg</p> <p>í flokki 11.4 – hámark 0,02 mg/kg</p> <p>í flokki 12.2 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 12.3 – hámark 3,00 mg/kg</p> <p>í flokki 12.4 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 12.5 – hámark 0,20 mg/kg</p> <p>í flokki 12.6 – hámark 1,60 mg/kg</p> <p>í flokki 12.7 – hámark 0,60 mg/kg</p> <p>í flokki 12.9 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 13.2, 13.3, 13.4 – hámark 1,10 mg/kg</p> <p>í flokki 14.1 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 14.2.1 – hámark 1,25 mg/kg</p> <p>í flokki 14.2.2 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 14.2.5 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 14.2.6 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 15.0 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 16 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 17 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 18.0 – hámark 2,30 mg/kg</p> <p>í flokki 1.4 – hámark 0,60 mg/kg</p> <p>í flokki 1.7 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 1.8 – hámark 0,50 mg/kg</p> <p>í flokki 2.1, 2.2, 2.3 – hámark 5,00 mg/kg</p> <p>í flokki 3.0 – hámark 0,60 mg/kg</p> <p>í flokki 4.2 – hámark 0,09 mg/kg</p> <p>í flokki 4.2.2 – hámark 1,50 mg/kg</p> <p>í flokki 4.2.5 – hámark 0,20 mg/kg</p>	5	EFSA
--------	----------------------------	------------	------	-------	--	---	------

